

## **128. Þingflokksfundur, mánudaginn 5. október kl. 13.00**

Fundinn sitja: Alla, Ásta og Helgi Hrafn. Birgitta forfallaðis vegna veikinda.  
Berglind Rósa ritar fundargerð

### **1. Dagskráin í dag**

Dagskrá dagsins var rædd og verkum skipt. Helgi Hrafn mun eiga orðastað við innanríkisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma um Dyflinarreglugerðina í ljósi stöðunnar á Ítalíu, Grikklandi og Ungverjalandi.

### **2. Bréf af fundum forsætisnefndar og þingflokksformanna**

Helgi Hrafn gerði þingflokksnum grein fyrir því sem fram fór á fundum forsætisnefndar og þingflokksformanna.

### **3. Bréf af nefndarfundum**

Helgi Hrafn brífaði af fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem rædd voru stöðugleikaskilyrði, stöðugleikaskattur og afnám hafta. Ásta brífaði af fundum fjárlaganefndar og umhverfis- og samgöngunefndar, þar sem náttúruverndarlögin voru m.a. til umræðu.

### **4. Höfundaréttur**

Höfundaréttarmál verða rædd betur á þingflokksfundi miðvikudaginn 14. október.

### **5. Upplýsingabeiðni**

Berglind sendir Halldóri Auðar tölvupóst.

### **6. Beiðni um fund - Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna**

Ákveðið að bjóða þeim á fund 21. október. Berglind boðar fundinn.

### **7. Umhverfisnefndin og náttúruverndarlögin - samstarf**

Alla ræðir við viðeigandi aðila um fjármögnun á vinnu varðandi náttúruverndarlögin.

### **8. Action Items**

Farið var yfir action items.

### **9. Fundargerðir**

Viðstaddir samþykktu fundargerðir 126. og 127. þingflokksfunda.

### **10. Önnur mál**

Feira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15.